

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 731 — 345. mál.

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001 hafa verið nýttar af fjármálaráðherra?
2. Hvert var söluverð einstakra eigna ríkissjóðs og hverjir keyptu?
3. Hvert var kaupverð einstakra eigna og hverjir seldu?

Eftirfarandi er listi yfir fasteignir sem ríkissjóður keypti eða seldi skv. 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

### Eignakaup ríkissjóðs 2001, fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti/stofnun	Staður	Stærð	Heimild	Kaupverð
Einkaleyfastofan	Skúlagata 63, Reykjavík	1.026	Fjárlög 7.5	78.186
Yfirdýralæknir	Bláskógar 12, Egilsstöðum	266	Fjárlög 7.23	15.000
Heilbrigðisráðuneyti	Mýrar 4, Patreksfirði	304	Fjárlög 3.2	15.000
Sýslumaðurinn í Ólafsfirði	Ólafsvegur 40, Ólafsfirði	200	Fjárlög 2.10	11.100
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Ásavegur 31, Vestmannaeyjum	233	Fjárlög 7.20	15.000
Svæðisvinnumiðlun Austurlands	Miðás 1–5, Egilsstöðum	120	Fjárlög 7.27	7.580
Flugmálastjórn (flugskýli)	Egilsstaðflugvöllur	273	Fjárukaalög 7.31	5.700
Landbúnaðarráðuneyti	Víðimýri, Skagafirði		Fjárukaalög 7.32	22.000
Ríkissjóður v. jarðskjálfta á Suðurlandi	Breiðalda 5, Hellu	150	Fjárukaalög 7.33	11.710
Ríkissjóður v. jarðskjálfta á Suðurlandi	Breiðalda 7, Hellu	150	Fjárukaalög 7.33	11.710
Fasteignir ríkissjóðs	Laugavegur 164, Reykjavík	236	Fjárukaalög 7.30	17.500

### Eignasala ríkissjóðs 2001, fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti/stofnun	Staður	Stærð	Heimild	Kaupverð
Alþingi	Skólalabú 2, Reykjavík	389	Fjárlög 2.31	38.000
Heilbrigðisráðuneyti	Urðargata 17, Patreksfirði	206	Fjárlög 3.2	4.100
Heilbrigðisráðuneyti	Mýrar 11, Patreksfirði	82	Fjárlög 3.2	2.700
Menntamálaráðuneyti	Skólalabúðir að Reykjum		Fjárlög 3.13	1.000
Menntamálaráðuneyti	Eiðar		Fjárlög 3.14	25.000
Sjávarútvegsráðuneyti	Árni Friðriksson		Fjárlög 6.2	32.000
Landbúnaðarráðuneyti	Eyjar II, Breiðdalshreppi		Fjárlög 4.22	5.400
Landbúnaðarráðuneyti	Gröf, Dalvíkurbyggð		Fjárlög 4.23	8.500
Landbúnaðarráðuneyti	Hræreklækur, Tunguhreppi		Fjárlög 4.25	4.652
Landbúnaðarráðuneyti	Bjarnarnes I, Höfn		Fjárlög 2.34	1.400
Landbúnaðarráðuneyti	Framnes, Kaldraneshreppi		Fjárlög 4.4	6.600
Landbúnaðarráðuneyti	Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi		Fjárlög 4.19	6.826
Landbúnaðarráðuneyti	Hjalli, Reykjadalhreppi		Fjárlög 4.21	10.700
Landbúnaðarráðuneyti	Kvoslækur, Fljótshlíðahreppi		Fjárlög 4.32	24.000
Landbúnaðarráðuneyti	Hræringssstaðir, Dalvíkurbyggð		Fjárlög 4.26	6.400
Landbúnaðarráðuneyti	Vestra-Stokkseyrarsel		Fjárlög 4.54	4.666
Dómsmálaráðuneyti	Háeyrarvellir 36, Eyrarbakka	181	Fjárukaalög 2.36	10.000
Dómsmálaráðuneyti	Skúlagata 10, Stykkishólmi	37	Fjárlög 2.6	811
Dómsmálaráðuneyti	Aðalgata 7, Stykkishólmi	433	Fjárlög 2.5	8.780
Háskóli Íslands	Bjarkargata 6, Reykjavík	396	Fjárlög 2.33	37.500

Ráðuneyti/stofnun	Staður	Stærð	Heimild	Kaupverð
Skógrækt ríkisins	Hluti Straums, Hafnarfirði		Fjárlög 4.47	102.000
Vegagerð ríkisins	Djúpbáturinn Fagranes		Fjárukaalög 6.7	4.000
Þróunarsamvinnustofnun	Fengur RE		Fjárukaalög 6.5	14.000
Yfirdýralæknir	Ásvegur 10, Hvanneyri	244	Fjárlög 2.21	8.200

Í þessu sambandi ber að nefna að 20. nóvember sl. óskaði landbúnaðarráðherra eftir álitum forsætisráðherra á því að hve miklu leyti lög leyfa að Alþingi verði veittar upplýsingar um seldar ríkisjarðir.

Í svarbréfi forsætisráðherra til landbúnaðarráðherra, dags. 15. janúar sl., sem gert hefur verið opinbert, er talið með vísan til 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að upplýsingar um sölu ríkissjóðs á fasteignum séu persónuupplýsingar í skilningi laganna, enda séu upplýsingarnar persónugreinanlegar. Skv. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. sömu laga skal þess m.a. gætt við meðferð slíkra upplýsinga að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Einnig skal þess gætt skv. 3. tölul. sömu málsgreinar að persónuupplýsingarnar séu ekki unnar umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Niðurstaða álitsins er því í stuttu máli á þá leið að með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum beri að takmarka svör við tilgreiningu eignanna og söluverðs þeirra. Ekki er talið að nöfn kaupenda ríkisjarða séu nauðsynleg til að Alþingi geti viðhaft það eftirlit sem því er að lögum falið að hafa með meðferð fjármuna hins opinbera, nema fleira komi til.

Fjármálaráðuneytið tekur undir þá niðurstöðu sem fram kemur í álitum forsætisráðherra og rakin er stuttlega hér að framan. Ráðuneytið telur jafnframt að þessi sjónarmið eigi ekki einungis við um sölu ríkisjarða heldur eigi þau einnig við um kaup eða sölu annarra fasteigna á vegum ríkissjóðs. Af þessum sökum er ekki tilgreint í svári við fyrirspurn þessari hvaða einstaklingar eða lögaðilar seldu eða keyptu framangreindar eignir.